

Gerðu hring utan um öll **A** í vísunni, teldu svo hvað þau eru mörg og skráðu það í auða reitinn.


Einn var að smíða

Einn var að smíða ausutetur
annar hjá honum sat.

Þriðji kom og bætti' um betur
hann boraði á hana gat.

Hann boraði á hana eitt,
hann boraði á hana tvö,

hann boraði á hana þrjú og fjögur,
fimm og sex og sjö.



Gerðu hring utan um öll **I** í vísunni, teldu svo hvað þau eru mörg og skráðu það í auða reitinn.

Frost er úti

Frost er úti fuglinn minn,
ég finn hvað þér er kalt.

Nærðu engu' í nefið þitt
því nú er frosið allt.

En ef þú bíður augnablik
ég ætla' að flýta mér
og biðja' hana mömmu mína
um mylsnu handa þér.

